

Heilbrigðisþjónusta, velferð og löggæsla

Ályktun Haustþings
Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi

Klifi - Ólafvík

16. október 2024



Heilbrigðisþjónusta

- **Haustþing SSV leggur áherslu á að starfsemi heilsugæslustöðva á Vesturlandi verði eflað þannig að þær geti sinnt starfsemi sinni. Því er mikilvægt að tryggður verði stöðugleiki og samfella í viðveru lækna og annars heilbrigðisstarfsfólks á heilsugæslustöðvum umdæmisins.**
- **Haustþing SSV leggur áherslu á að starfsumhverfi starfsfólks heilsugæslustöðva HVE sé viðunandi og standist kröfur er varðar húsnæði, tækjabúnað og hollustuhætti á vinnustað.**
- **Haustþing SSV kallar eftir að gerð verði, í samstarfi við HVE og heilbrigðisráðuneytið úttekt á núverandi aðstæðum heilsugæslustöðva HVE og samhliða þeirri vinnu verði gerð verði þarfagreining um úrbætur. Mikilvægt er að þessi vinna nái til heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa á Vesturlandi.**
- **Haustþing SSV skorar á yfirvöld að fara í átak í uppbyggingu húsnæðis og tækjabúnaðar á starfsvæði HVE.**
- **Haustþing SSV minnir að á landfræðilegar aðstæður eru mismunandi á milli landsvæða og mikilvægt er að standa vörð um heilbrigðisþjónustu í dreifðari byggðum sveitarfélaga.**

Heilsugæslustöðvar eru mjög mikilvægar í öllum byggðarlögum. Í nýlegri könnun Byggðastofnunar um byggðafestu og búferlaflutninga kemur fram að í huga þeirra sem hyggja á flutninga á næstu tveimur til þremur árum er betra aðgengi að heilbrigðisþjónustu á meðal mikilvægustu áhrifapátta. Um 65% þátttakenda í könnuninni sem búa í bæjum og þorpum telja að aðgengi að heilbrigðisþjónustu skipti nokkru eða miklu máli við ákvörðun um flutninga. Um 56% þátttakenda úr strjálbýli eru sama sinnis eins og um 50% þátttakenda sem búa í stærri bæjum (Byggðastofnun, 2019, 2020, 2021).

Heilsugæslustöðvar þurfa að vera vel í stakk búnar til að mæta þörfum íbúa svæðisins á hverjum tíma, auk þess að sinna stóru auknum fjölda ferðafólks á Vesturlandi og árstíðarbundnum íbúafjölda í frístundabyggðum sem þarf á heilbrigðis- og slysaþjónustu að halda.

Víðsvegar um landshlutann hefur viðhald húsnæðis HVE setið á hakanum og þróun húsnæðismála hefur ekki verið í samræmi við kröfur er varða heilbrigðisstarfsemi. Haustþing SSV fagnar því að endurbætur eru hafnar á nokkrum stöðum og mikilvægt að þessi verkefni verði kláruð sem fyrst. Gott húsnæði og aðbúnaður skapar góðar vinnuaðstæður fyrir starfsfólk og eykur líkur á því að vel gangi að manna starfseminna.

- **Haustþing SSV skorar á ríkisvaldið að efla sérhæfðar deildir á sjúkrahúsum á Vesturlandi, svo sem bakdeildin við St. Franskuspítala í Stykkishólmi og liðskiptadeild við Sjúkrahúsið á Akranesi. Stofnanirnar búa undir verðmætum mannauðu og þekkingu og því í**

stakk búin að taka við sérverkefnum. Þá er mikilvægt að fjármagn sé tryggt vegna sérverkefna við þessar stofnanir.

Haustþing SSV ítrekar ánægju sína með opnun liðskiptaseturs við Sjúkrahúsið á Akranesi og hvetur stjórnvöld til að fullnýta afkastagetu setursins. Einnig verði kannaðir möguleikar á því að efla starfsemina enn frekar og nýta þau tækifæri sem eru til staðar á öllu Vesturlandi.

Við Heilbrigðisstofnun Vesturlands í Stykkishólmi er starfrækt bakdeild sem sinnir á landsvísu sjúklingum með bakvandamál. Eftirspurn eftir þjónustunni hefur verið mikil. Húsakostur heilbrigðisstofnunarinnar er vannýttur og gefur tækifæri til að efla bakdeildina. Tryggja þarf fjármagn til reksturs bakdeildarinnar þannig að deildin geti eflst enn frekar og mætt þeirri eftirspurn sem er eftir þjónustu hennar. Á sama tíma er nauðsynlegt að ráðast í endurhönnun og uppbyggingu á 4. hæð St. Fransiskusspítala til þess að skapa bakdeildinni aðstöðu til að sinna sinni þjónustu og bæta aðbúnað þjónustuþega. Þannig mætti stytta biðlista um þjónustu sem öllum landsmönnum stendur til boða.

- **Haustþing SSV skorar á heilbrigðisyfirvöld að efla enn frekar upplýsingartækni í þágu heilbrigðisþjónustu á Vesturlandi, og setja í forgang að bæta úr tæknilegum örðuleikum er varðar heilsuveru.is og að nægur mannaflí sé til staðar til að tryggja þjónustuna.**
- **Haustþing SSV hvetur til að umboðsmannakerfi sé komið á fyrir skjólstaðinga notenda Heilsuveru. Jafnframt að niðurstöðum úr rannsóknum sérfræðinga á höfuðborgarsvæðinu sé miðlað skilvirkt á Heilsuveru til að draga úr ferðum skjólstaðinga af landsbyggðinni til höfuðborgarinnar.**
- **Haustþing SSV telur brýnt að verkefni heilsuveru séu ekki að auka álag á heilbrigðisstofnanir. Haustþing SSV hvetur til að heilsugæslum og öðrum sjúkrastofnunum sé veitt svigrúm til að sinna þjónustu heilsuveru með auknu fjármagni til aðstöðu og starfsmannahalds.**

Haustþing SSV hvetur heilbrigðisyfirvöld til að nýta þau tækifæri sem liggja í tækninýjungum á sviði fjarheilbrigðisþjónustu, byggja upp og koma sem fyrst í gagnið fjölbreyttri þjónustu á Vesturlandi. Með því mætti stíga skref til að jafna aðgengi að heilbrigðisþjónustu, í samræmi við skyldur heilbrigðisstofnana skv. 5. gr. reglugerðar nr. 1111/2020, um heilbrigðisumdæmi og hlutverk, starfsemi og þjónustu heilsugæslustöðva, heilbrigðisstofnana og sjúkrahúsa.

Haustþing SSV hvetur jafnframt heilbrigðisráðherra, sem yfirmann heilbrigðismála í landinu, heilbrigðisstofnanir landsins og aðrar stofnanir ráðuneytis heilbrigðismála til að nýta fyrirbyggjandi tækifæri í upplýsingatækni og stafrænum lausnum. Þannig mætti koma á aukinni samvinnu, teymisvinnu og samskiptum heilbrigðisstarfsfólks til að mannauður og sérfræðipekking nýtist betur í þágu heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni. Með sama hætti megi bæta aðgengi sjúklinga að sérfræðiþjónustu og annarri heilbrigðisþjónustu í heimabyggð.

Nú þegar hafa áfangasigrar unnist í framþróun stafrænna lausna, auk þess sem snjalllausnir á sviði heilbrigðisþjónustu hafa komið fram. Dæmi um það má nefna lausnir varðandi lyfjagjöf fyrir eldra fólk, heimaviðtöl hjúkrunarfræðinga í gegnum fjarfundabúnað, heilsuvera.is og fleira.

- **Haustþing SSV skorar á ríkið að auka fjárveitingar til geðheilbrigðismála. Mikið vantar uppá að íbúar njóti viðunandi þjónustu í málaflokknum og erfiðlega hefur gengið að ráða fagfólk til starfa við að sinna geðheilbrigðismálum. Haustþing SSV hvetur til áframhaldandi fjárframlaga og að starfsemin í málaflokknum verði þróuð í samráði við sveitarfélögin og horft verði til stafrænna lausna í þeirri vinnu.**
- **Haustþing SSV kallar eftir að sálfræðiþjónusta sé tryggð við alla framhalds- og menntaskóla á Vesturlandi.**

Í lýðheilsuvísunum Landlæknisembættisins fyrir Vesturland árið 2022 kemur fram að 34,3% íbúa telur andlega heilsu sína sæmilega eða lélega. Í heimildum embættisins kemur jafnframt fram að fjöldi sjálfsvíga utan höfuðborgarsvæðisins hefur aukist undanfarin ár. Víða á landsbyggðinni er skortur á sálfræðingum og geðlæknum sem sinna geðheilbrigðiþjónustu.

Afar mikilvægt er að standa vörð um andlega heilsu og bjóða viðunandi þjónustu fagfólks í greininni.

- **Haustþing SSV fagnar undirritun samstarfssamnings mennta- og barnamálaráðuneytisins við SSV um innleiðingu farsældarlaga í sveitarfélögum á Vesturlandi, og ráðningu verkefnastjóra hjá samtökunum.**
- **Haustþing SSV lýsir þungum áhyggjum vegna langra biðlista barna með andlega og/eða geðrænan vanda eftir sálfræði- og geðheilbrigðiþjónustu. Haustþing SSV skorar á ríkisvaldið að grípa til aðgerða til að bæta þar úr.**
- **Haustþing SSV leggur áherslu á að öll þjónusta og eftirlit við meðgöngu, fæðingar og sængurlegu séu sem mest í heimabyggð mæðra og nýbura. Þá er átt við heimþjónustu ljósmæðra, t.a.m. mæðra- og nýburaeftirlit og aðgengi að læknum á öllu þjónustusvæðinu, m.t.t. ólíkra þarfa og búsetu foreldra. Þetta á einnig við um foreldrafræðslunámskeið HVE.**

Málefni aldraðra

- **Haustþing SSV fagnar hvernig mál hafa þróast varðandi rekstur dvalar- og hjúkrunarheimila. Haustþing SSV leggur mikla áherslu á að vinna við gerð samninga um húsnæði dvalar- og hjúkrunarheimila í eigu sveitarfélaga við yfirvöld séu kláraðir hið fyrsta.**

- **Haustþing SSV kallar á að nauðsynlegt sé að fjölga hjúkrunar- og dagdvalarrýmum á Vesturlandi og til að fækka einstaklingum á biðlistum eftir slíkum rýmum.**

Á Vesturlandi eru rekin sjö hjúkrunar- og dvalarheimili; í Ólafsvík, Grundarfirði, Stykkishólmi, Búðardal, Borgarnesi, Fellsenda í Dalabyggð og á Akranesi. Í skýrslu sem KPMG vann fyrir SSV árið 2021 kom fram að tap upp á ríflega 70 m.kr. varð samtals á rekstri fimm af sjö hjúkrunarheimila í landshlutanum árið 2020. Þetta sýnir hversu brýnt er að standa vörð um þær auknu fjárveitingar til málaflokksins sem hafa breytt rekstrarforsendum frá 2022.

- **Haustþing SSV skorar á ríkið að aflétta innheimtuhlutverki hjúkrunar- og dvalarheimila á dvalarkostnaði hluta heimilisfólks síns. Innheimta fari fram innan þess kerfis sem hefur verið þróað hjá Skattinum undanfarin ár**

Samkvæmt reglum Sjúkratrygginga/Tryggingastofnunar þarf sumt heimilisfólk á hjúkrunar- og dvalarheimilum að taka þátt í dvalarkostnaði sínum. Hefur sá háttur verið hafður á að hjúkrunarheimilunum hefur verið gert að innheimta umrædda kostnaðarhlutdeild beint af heimilisfólki sínu. Haustþing SSV skorar á ríkisvaldið að aflétta þessu innheimtuhlutverki af hjúkrunar- og dvalarheimilum og koma þessu verkefni fyrir innan þess kerfis sem Skatturinn hefur þróað á undanförunum árum.

- **Haustþing SSV skorar á ríkið að tryggja áfram fjármagn og taka þátt í þeim aðgerðum sem lúta að samþættri öldrunarþjónustu á Vesturlandi í gegnum verkefnið „Gott að eldast“ en sveitarfélögin á Vesturlandi taka þátt í verkefninu undir regnhlíf SSV.**
- **Haustþing SSV áréttar mikilvægi þess að þjónustuþegum heimahjúkrunar og heimaþjónustu sé ekki mismunað á grundvelli búsetu í dreifðari byggðum og að öllum íbúum sé tryggt viðunandi þjónusta.**

Hópur eldra fólks fer hratt stækkandi á Íslandi. Mikilvægt er að leita allra leiða til að hægt sé að tryggja góða og fjölþætta heilbrigðisþjónustu, öflugar forvarnir og þverfaglegt samstarf ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka. Ljóst er að núverandi fyrirkomulag mun ekki duga þegar fram í sækir og nauðsynlegt er að huga að nýjum lausnum og auknu samstarfi í þjónustu við aldraða.

- **Haustþing SSV fagnar jákvæðri þróun og vitundavakningu í lýðheilsumálum eldri borgara. Þar má nefna Janusar verkefnið í Borgarbyggð, sprækir Skagamenn á Akranesi og uppbyggingu þjónustumiðstöðva í Stykkishólmi og Ólafsvík svo einhver dæmi séu nefnd. Haustþing SSV áréttar mikilvægi þess að vinna áfram að aukinni vitundarvakningu og þátttöku eldri borgara í lýðheilsu-**

verkefnum. Jafnframt er mikilvægt að Heilbrigðisstofnun Vesturlands og sveitarfélögin eigi með sér gott samstarf um þessa þjónustu.

Haustþing SSV bendir á að samkvæmt Heilbrigðisstefnu Evrópu er lögð áhersla á grunnigildi sem m.a. hvetja til þess að stutt sé við heilsueflingu á öllum æviskeiðum. Stefna fyrir íslenska heilbrigðisþjónustu til ársins 2030 tekur mið af þeirri áherslu, þar sem tiltekið er að heilsuefling eldra fólks eigi að vera sérstakt forgangsmál í ljósi þess hve mikill ávinningur er í því fólgin. Haustþing SSV beinir því til heilbrigðisyfirvalda að styðja við það mikilvæga forvarnastarf sem sveitarfélögin sinna í heilsueflingu eldra fólks, hvort sem er með fjárhagslegum stuðningi eða með því að heilbrigðisþjónustan, sérstaklega heilsugæslan, taki virkari þátt í þessu starfi.

Málefni fatlaðra og fólks með skerta starfsgetu

- **Haustþing SSV fagnar áfangaskýrslu félags- og vinnumarkaðs-ráðuneytisins um málefni fatlaðra og fjármögnun þjónustu við fatlaða einstaklinga. Jafnframt ítrekar haustþing SSV áskorun sína um að ríkið tryggi aukið fjármagn til að standa undir þjónustu við fatlað fólk og stöðva langvarandi hallarekstur í málaflokksnum.**

Haustþing SSV lýsir yfir áhyggjum af sívaxandi rekstrarhalla í málaflokki fatlaðs fólks og stöðu sveitarfélaganna eftir að ábyrgð málaflokksins færðist á þau frá ríkinu fyrir rúmum áratug.

Í áður nefndri áfangaskýrslu kemur fram að það eru stórar áskoranir sem sveitarfélög standa frammi fyrir þegar kemur að þjónustu við fatlaða einstaklinga. Það kemur glöggt fram í lögum og reglugerðum varðandi þjónustuna, auk þess sem væntingar eru um að þjónustan eigi að mæta öllum stuðningsþörfum notenda. Þessir þættir setja verulega og viðvarandi þrýsting á útgjöld sveitarfélaga til þjónustunnar. Með þessu má leggja það mat á að ríkið viðurkenni hnökra við breytingar á lögum, reglugerðum og stjórnskipun málaflokksins. Brýnt er að lagfæra þessa hnökra, eyða óvissu er varðar rekstur sveitarfélaga svo ekki komi niður á þjónustu fatlaðs fólks hjá sveitarfélögunum.

Með lögum nr. 38/2018 voru felld niður skilyrði um að 8000 íbúar standi að baki hverju þjónustusvæði. Breyting á þjónustusvæðum hefur að mörgu leyti einfaldað fyrirkomulag og stjórnun málaflokksins. Eftir sem áður er mikilvægt að sveitarfélögin eigi með sér gott samstarf um þjónustu við fatlað fólk.

- **Haustþing SSV skorar á stjórnvöld og vinnumarkaðinn að fjölga starfstækifærum fólks með skerta starfsgetu.**

Fyrirtæki og stofnanir í atvinnurekstri hafa notið góðs af starfskröftum fólks með skerta starfsgetu. Haustþing SSV telur brýnt að stefnt verði sérstaklega að fjölgun atvinnutækifæra fyrir fatlað fólk og fólk með skerta starfsgetu. Ávinningurinn fyrir þennan samfélagshóp er mikill og eykur á lífsgæði fólks með skerta starfsgetu og fatlanir, sem fær tækifæri til að taka þátt í samfélaginu.

- **Haustþing SSV skorar á ríkið að tryggja börnum með fjölþættan vanda viðunandi heilbrigðisþjónustu fjármagnaða af ríkinu.**

Öll börn eiga rétt á áhyggjulausri æsku og heilbrigðu lífverni. Þar af leiðandi er brýnt að börn með fjölþættan vanda fái þá þjónustu sem þeim hentar til að ná þeim markmiðum.

Fjölþættur vandi getur falist í andlegum veikindum, hegðunarvandamálum, fötlun og fleiru, sem krefst sérhæfðrar þjónustu og stuðnings, sem sveitarfélögunum er gert að sinna og bera kostnað af. Sá kostnaður getur hlaupið á tugum milljóna króna við hvern einstakling og getur reynst sveitarfélögunum þungur baggi að bera. Því er afar brýnt að ríkið tryggji fjármagn til barna með fjölþættan vanda svo að hægt sé að bjóða þeim viðunandi aðstoð.

Í áfangaskýrslu II á vegum félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins frá september 2024 er lagt til að börn með fjölþættan vanda, sem falla undir þjónustustig 3 verði á ábyrgð ríkis, en börn á þjónustustigi 1 og 2 á ábyrgð sveitarfélaga. Mikilvægt er að þessi tillaga hljóti framgang.

Löggæsla og embætti sýslumanns

- **Haustþing SSV leggur þunga áherslu á að sýslumaður sé staðsettur á Vesturlandi og að umdæmið sé sjálfstæð starfseining. Haustþing SSV skorar á ríkið að standa vörð um þjónustu Sýslumannsembættisins á Vesturlandi og styrkja kjarnaverkefni embættisins í landshlutanum. Haustþing SSV bendir á að sýslumannsembættið er í stakk búið að taka að sér sérverkefni og hvetur til þess að þeim sé fjölgað hjá embættinu.**
- **Haustþing SSV leggur áherslu á að mikilvægt er að vinna áfram að innleiðingu stafrænnar málsmeðferðar hjá Sýslumannsembættinu á Vesturlandi með það að markmiði að jafna aðstöðumun þjónustuþega og auka við góða og vandaða þjónustu sérhæfðs starfsfólks, jafnframt er mikilvægt að kynna fyrir þjónustunotendum þá áfanga sem þegar hafa náðst í innleiðingu stafrænna lausna.**
- **Haustþing SSV skorar á Alþingi að auka fjárveitingar til löggæslu á Vesturlandi til að hægt sé að halda úti viðunandi fjölda lögreglumanna á vakt á hverjum tíma á hverju svæði til að tryggja öryggi lögreglunnar, íbúa og gesta landshlutans.**
- **Haustþing SSV minnir á að álag á löggæslu hefur aukist með fjölgun ferðafólks á landinu. 50% ferðafólks sem heimsækir landið fer um Vesturland og brýnt er að aukin verkefni lögreglunnar komi ekki niður á þjónustu og öryggi íbúa Vesturlands.**
- **Haustþing SSV skorar á alþingi og dómismálaráðuneytið að fullfjármagna sérverkefni lögreglunnar á Vesturlandi sem er úrvinnsla gagna úr löggæslumyndavélum.**

- **Haustþing SSV skorar á ríkisvaldið að bæta úr húsnæðis- og aðstöðuleysi lögreglunnar og viðbragðsaðila almennt víða á Vesturlandi. Haustþing kallar á að viðunandi lausn sé fundin á aðstöðuleysi viðbragðsaðila hið fyrsta.**

Fjölgun íbúa á suðursvæði Vesturlands og dulin búseta á Vesturlandi vegna fjölda sumarhúsa og stóraukins fjölda ferðamanna kallar á aukna löggæslu á starfssvæðinu. Aukin umferð því samhliða og ástand vega kallar jafnframt á stórauðna löggæslu á vegum úti. Í mælingum hagstofunar kemur fram að 50% ferðamanna sem heimsækja landið ferðast í gegnum vesturland. Samhliða þessu hefur breytt fyrirkomulag á vaktavinnu leitt til þess að lögreglumenn á Vesturlandi eru orðnir svo fáir á vakt á hverjum tíma að ástæða er til að hafa áhyggjur af öryggi þeirra við skyldustörf og hvort þeir hafi tök á að sinna öllum verkefnum.

Í um 15 ár hefur lögreglan á Vesturlandi haft umsýslu með úrvinnslu og afgreiðslu gagna úr löggæslumyndavélum á landinu. Verkefnið hefur alla tíð verið van fjármagnað. Nú liggur fyrir að fjölga á myndavélum og ljóst er að aukið fjármagn þarf að koma frá ríkisvaldinu svo embættið geti sinnt þessu hlutverki sínu. Rétt er að minna á að það verkefni tryggir ríkinu verulegar tekjur.

Aðstaða lögreglunnar í Búðardal hefur um árabil verið mjög bágborin. Í dag er einn lögreglubíll staðsettur í Búðardal fyrir héraðslögreglumenn á svæðinu til að sinna tilfallandi verkefnum og eftirliti á svæðinu. Enginn lögreglumaður í fullu starfi er með fasta viðveru í Dalabyggð. Afar bágborin aðstaða er fyrir starfsmann lögreglunnar á svæðinu og einnig vantar viðunandi bílageymsla fyrir bifreiðina. Það er brýnt að bæta úr þessu, auk þess sem nauðsynlegt er að fjölga lögreglumönnum á svæðinu svo að þjónusta og eftirlit lögreglunnar sé viðunandi.

Eins og staðan er í dag hefur lögreglan enga aðstöðu í Grundarfirði og því mikilvægt að hið fyrsta verði komið upp aðstöðu fyrir lögregluna í sveitarfélaginu. Þá liggur fyrir að í fjármálaáætlun ríkisins er gert ráð fyrir bygginu nýrrar miðstöðvar lögreglu og slökkviliðs í Borgarnesi. Borgarbyggð leiðir undirbúningsvinnuna í samstarfi við Framkvæmdasýsluna. Mikilvægt er að ákvörðunartaka af hálfu ríkisins gangi greiðlega og fjármögnun verði tryggð þannig að ekki teyfist að hefja framkvæmdir um leið og undirbúningi lýkur.